

Byggðasafn Reykjaneshæjar ársskýrsla 2003

- **Starfsemin**

Starfsmenn safnsins á árinu voru sem hér segir

Sigrún Ásta Jónsdóttir, forstöðumaður og Björn Ragnarsson, safnvörður bæði voru í 100% starfi. Verkefnaráðir voru:

Sandra Sif Einarisdóttir, fornleifaskráning frá janúar til ágústloka, Ingibjörg Þórarinsdóttir, ljósmyndaskráning og almenn safnstörf frá febrúar fram í september, auk tímavinnu út árið, Ægir Karl Ægisson, rannsóknir “siglingar norrænna manna” og fleiri störf, frá mars fram í miðjan september. Þau tvö síðastnefndu komu inn í sambandi við atvinnuátak bæjarstjórnar í samvinnu við Svæðisvinnumiðlun Suðurnesja.

- **Sýningar og útgáfur**

Sýningar byggðasafnsins

“Bátafloti Gríms Karlssonar” var opin daglega frá febrúar til ágústloka í Duushúsum. Þann fyrsta september var ákveðið að safnið myndi ekki lengur bera ábyrgð á þessari sýningu. Þá var gestafjöldi í húsin samtals 5.185

Gestir gátu auk þess heimsótt sýningar í: Vatnsnesi fram um miðjan ágúst, Stekkjarkoti og Njarðvík í Innri-Njarðvík, út árið eftir samkomulagi. Það voru ekki margir sem skoðuð þau en líklega hafa gestir þar verið um 200 talsins. Þannig að heildarfjöldi er um 5400 gestir.

Kynningar og útgáfa

Lagt var til efni vegna kynningar á sögu Reykjaneshæjarinnar. Tvær greinar birtust í tímaritinu Faxa vorhefti og jólahefti. Safnið tók þátt í útgáfu Söga Hafna með öflun mynda. Forstöðumaður var gestur í Laufskála RÚV og talsvert var um fréttir í Morgunblaðinu einkum um fornleifarar í Höfnum.

- **Munasafn**

Safnauki ársins 2003 er rétt um 300 gripir, einkum eru þetta gripir sem tengjast heimilislífi og sjósókn.

Skráning: Lokið var við skráningu safnauka ársins 2002 smt. 229 færslur. Þá voru samtals 124 færslur skráðar úr fórum safnsins (þ.e. óskráður safnkostur frá eldri tíð). Staðsettir (og endurstaðsettir) voru 682 gripir að stórum hluta til vegna vinnu sem féll til er sýningar á efri hæð Vatnsness voru teknar niður, vinnutímabil var ágúst til nóvember.

Því má segja að um 1400 gripir hafi verið í vinnsluferli safnsins. Sumir reyndar oft en einu sinni.

Flutningur í geymslum: Safngeymsla í Duushúsum var tæmd og gripir þar fluttir í bráðabirgðahúsnæði.

- **Myndasafn**

Skráning: Lokið var við skráningu og frágangi 7192 mynda, einkum voru það fréttamyndir úr fórum safnsins. Í samvinnu við Heimi Stígsson, ljósmyndara og tólmundastarf aldraðra var farið af stað með ljósmyndaklúbb, sem einkum fólst í því að áhugasamir greindu myndir úr safni Heimis.

- **Poppminjasafn Íslands**

Safnauki: Höfðingleg gjöf barst safninu síðla sumars, um er að ræða hátt í 3000 hljómplötur (vinyll) frá síðustu áratugum 20. aldar.

Sýningar: Kynning var á safninu í tengslum við Frístundahelgina í samstarfi við Sævar Þorkel Jenson. Þá var þegið boð Óttars Felix Haukssonar frá fyrirtækinu Sonet, um að kynna safnið með því að setja upp sýningarspjöld í Austurbæ í Reykjavík.

Heimasíða poppminjasafn.is

Samningur var gerður við fyrirtækið Dacoda um gerð heimasíðu fyrir safnið og var síðan opnuð sunnudaginn 5. október í tilefni 40 ára starfsafmælis Hljóma.

- **Rannsóknir**

Haldið var áfram með fornleifaskráningu í bæjarlandinu og var lokið við að ská fornleifar í landi Hafnahrepps samtals um 377 færslur. Þá var unnið í samstarfi við Tim Horsley og Bjarna F. Einarsson að skönnun fornleifa á landnámsbænum Vog í Höfnum.

Unnið var að úttekt á heimildum um siglingar víkinga í tengslum við verkefnið Destination Viking. Haft var að leiðarljósi að finna til heimildir sem nýst gætu í tengslum við móttöku gesta á sýningu víkingaskipsins Íslendinga og almennt fyrir leiðsögumenn á svæðinu.

- **Fundir og ráðstefnur**

Forstöðumaður sótti nokkra fundi Safnaráðs sem varafulltrúi FÍSOS (Félags ísl. safna og safnmanna) og þó nokkra fundi stjórnar FÍSOS en forstöðumaður er varaformaður félagsins.

Forstöðumaður sótti ráðstefnu félags sagnfræðinga og félags þjóðfræðinga á Íslandi á Akureyri og flutti jafnframt erindi. Þá var byggðasafnið gestgjafi Farskóla FÍSOS sem haldinn var í Reykjanesbæ. Safnið stóð fyrir fræðslufundi með Jóni Þ. Þór um byggðasögu og sögu sjávarútvegs.

Forstöðumaður sat fund um verkefnið Destination Viking á hótél Geysi. Safnaráð kom í heimsókn og hélt fund með embættismönnum og nefndarfólki. Forstöðumaður fór í vinnuferð með MÍT-ráði og sviði vegna fjárhagsáætlunargerðar 2003 í Borgarnesi. Auk fjölda smærri vinnufunda af margvíslegum toga.

- **Endurmenntun**

Forstöðumaður sótti námskeið Endurmenntunarstofnunar HÍ og FÍSOS um sýningagerð, þá hóf hann tveggja anna nám við Endurmenntunarstofnun HÍ í verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun sem lýkur í júní 2004.

Björn Ragnarsson og Ingibjörg Þórarinsdóttir sóttu nám á vegum Miðstöðvar Símenntunar á Suðurnesjum, kynningu á landslagi, menningu og sögu svæðisins.

- **Rekstur og styrkir o.fl.**

Heildarvelta safnsins samkvæmt fjárhagsáætlun var 11.825.999, hæsti einstaki liður áætlunar var launakostnaður. Sértekjur safnsins námu rétt um 500.000. Styrkir fengust frá eftirtöldum aðilum: Safnaráð samtals 2.050.000, þar af rekstrarstyrkur kr. 1.500.000, verkefnastykur kr. 100.000, í forvörslu kr. 150.000, vegna Farskóla íslenskra safnmanna kr. 300.000, Þjóðhátíðarsjóður vegna fornleifaskráninga kr. 150.000, Menntamálaráðuneyti vegna bátasafns 100.000. Þá var sótt um styrk í Fornleifasjóð og vegna verkefnis um stafræna miðlun menningarminja, báðir synjuðu. Húsafriðunarsjóður veitti kr. 300.000 vegna húsakönnunar en ekki tókst að koma því verkefni af stað á árinu og var beðið um frestun fram yfir áramót, ekki hafa fengist svör við þeirri beiðni.